

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 138/2011**

2012/EES/15/15

frá 2. desember 2011

**um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og  
upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2011 frá 30. september 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/61/ESB frá 31. janúar 2011 samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Ísrael að því er varðar vélræna gagnavinnslu persónuupplýsinga <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 5em (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/625/ESB) í XI. viðauka við samninginn:

„5en. **32011 D 0061**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/61/ESB frá 31. janúar 2011 samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Ísrael að því er varðar vélræna gagnavinnslu persónuupplýsinga (Stjtið. ESB L 27, 1.2.2011, bls. 39).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/61/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 318, 1.12.2011, bls. 39, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 65, 1.12.2011, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 27, 1.2.2011, bls. 39.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.